

Málskostnaður falli niður.

Dóminum ber að fullnægja innan 15 daga frá birtingu hans, að viðlagðri aðför að lögum.

Fimmtudaginn 12. marz 1942.

Nr. 6/1941. **Alþýðusamband Íslands f. h. Starfsstúlknafé-
lagsins Sóknar**
gegn
Stjórnarnefnd rikisspítalanna.

Mál út af ákvæðum kjarasamnings um lengd sumarleyfa.

Dómur.

Í nóvembermánuði 1935 var undirritaður kjarasamningur milli starfsstúlknafélagsins Sóknar hér í bæ og stjórnarnefndar rikisspítalanna. Samningur þessi gildi til þess er Sókn sagði honum upp frá 31. des. 1940. Þann 31. janúar 1941 var að nýju gerður kjarasamningur milli nefndra aðilja og segir m. a. svo í 4. gr. hans: „2) Þær (þ. e. starfsstúlkur), sem unnið hafa 6 mánuði og lengur fá sumarfrí í 14 daga með fullu kaupi og kr. 2.00 á dag í fæðispeninga.“ Er þetta ákvæði tekið óbreytt úr samningnum frá 1935. Sumarið 1941 kvartar Sókn yfir því til Alþýðusambandsins, að framkvæmd sumarleyfa sé þannig af hálfu spítalanna, að stúlkur fái aðeins sumarleyfi 14 daga alls, en telur að samkvæmt samningnum frá 31. jan. 1941 beri þeim 14 virkir dagar.

Stjórnarnefnd rikisspítalanna sinni ekki aðfinnslum um þetta, og með því að ekki fékkst samkomulag um skilning á þessu atriði höfðaði Alþýðusamband Íslands mál þetta með stefnu, dags. 1. nóv. f. á., f. h. starfsstúlknafélagsins Sóknar gegn stjórnarnefnd rikisspítalanna. Gerir það þær dómkröfur, að viðurkennt verði, að framangreint ákvæði í samningi máls- aðilja frá 31. jan. 1941, um sumarleyfi, beri að skilja svo sem þar stæði, að stúlkur, sem unnið hafa í 6 mánuði og lengur og umræddur samningur tekur til, fái sumarfrí í 14 *virka* daga með fullu kaupi. Þá krefst stefnandi og málskostnaðar sér til handa eftir mati dómsins. Stefnður hefur krafizt sýknu

af kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hendi hans eftir mati dómsins. Við munnlegan flutning málsins hefur stefndi gert þá varakröfu, að dómkröfur stefnanda verði aðeins teknar til greina að því er snertir sumarleyfi starfsstúlkna á Vífilsstaðahælinu.

Kröfur sínar í máli þessu byggir stefnandi á því, að umrætt sammingsákvæði verði ekki skýrt á annan veg en þann, að átt sé við 14 virka daga. Bendir hann á, að samkvæmt 1. gr. sammingsins eigi hámark almenns vinnutíma að vera 10 stundir á dag eða 60 vinnustundir á viku og eigi stúlkur því, samkvæmt samningnum, einn frídag í viku hverri. En þar sem þeim hafi þannig verið tryggður einn vikulegur frídagur, hafi verið óþarft að semja sérstaklega um það, að þessir vikulegu frídagar skyldu ekki taldir með í sumarleyfisdögum 14, og því ekki borið nauðsyn til að geta sérstaklega um það í 4. gr., að leyfisdagarnir skyldu vera 14 *virkir* dagar. Um það hefði raunverulega verið samið með 1. gr. umrædds sammings. Segir hann framkvæmd þessa ákvæðis hafa verið þá, að allt til 1940 hafi stúlkur á Vífilsstöðum fengið minnst 16 daga sumarleyfi. Þá telur hann og fram máli sínu til stuðnings, að það sé föst regla, að ákvæði í samningum verklyðsfélaga og atvinnurekenda um tiltekna tölu leyfisdaga séu skýrð á þann hátt, að þar sé átt við virka daga.

Stefndur hefur eindregið mótmælt kröfum stefnanda og skýringum hans, og skilningi á umræddum samningi. Kveður hann, að framkvæmd sumarleyfa starfsstúlkna í ríkisspítölunum hafi frá upphafi verið sú, að stúlkur fengju sumarleyfi í 12 virka daga auk 2ja helgra, eða 14 daga alls, og fæðispeninga fyrir þá. Og hafi það komið fyrir að „sumarleyfi“ á Vífilsstöðum væri lengra en 14 dagar alls, stafaði það af því, að starfstúlkum þar hefði á þann hátt verið bætt upp aukavinna, sem þær hefðu innt af hendi, en raunverulegt sumarleyfi aldrei numið meiru en 14 dögum alls. Hafi sú framkvæmd haldizt allt til þessa dags, og ákvæði núgildandi kjarasammings um sumarleyfi og sams konar ákvæði eldri kjarasammingsa skilin og framkvæmd á þann veg af sinni hálfu. Telur stefndur, að þessi skilningur sinn sé þegar af þeirri ástæðu fullkomlega venjuhelgaður, enda sé það fyrst á sumrinu 1940 að þessari undanfarandi venju hafi verið andmælt, og farið hafi verið fram á af hálfu Sóknar að breytt yrði frá fyrra fyrirkomulagi. Því hafi þá strax verið neitað

og æ síðan. Þá bendir stefndur og á það, að við samningaumleitarnir í janúar 1941 hafi verið tekið fram í samningsuppkasti Sóknar, sem lagt var fyrir stjórnarnefndina, að sumarleyfið skyldi vera 14 *virkir* dagar, en sú krafa hafi ekki fengizt viðurkennd af hálfu stjórnarnefndar spítalanna og þetta ákvæði því ekki tekið upp í nügildandi samning. Telur hann, að Sókn geti ekki gert kröfu til 14 virkra daga sumarleyfis, þar sem sú krafa hafi komið fram við samningaumleitarnir, en ekki náð fram að ganga.

Aðiljar eru sammála um það, að framkvæmd sumarleyfa undanfarin ár á öllum þeim spítölum, er hér skipta máli, að Vífilsstaðahælinu undanskildu, hafi verið með þeim hætti, er stefndur heldur fram, og verður ekki annað ráðið af því, sem fram hefur komið í málinu, en að stjórn Sóknar hafi verið fullkunnugt um þá framkvæmd. Aftur á móti deila aðiljar um það, hvernig framkvæmd sumarleyfanna hafi verið á Vífilsstöðum til ársins 1940 og er ekki komin fram í málinu full sönnun um það, en árin 1940 og 1941 voru þau framkvæmd þar með sama hætti og á hinum sjúkrahúsunum.

Eins og stefndur hefur skýrt frá, og rakið er hér að framan, var málinu svo háttað þegar gengið var til samninga í janúar 1941, að Sókn setti það ákvæði í samningsuppkast það, er lagt var fyrir stefnda, að sumarleyfi skyldu vera 14 *virkir* dagar. Er ljóst, að stjórn Sóknar vissi þá um framangreinda framkvæmd stefnda á sumarleyfisákvæðum samningsins frá 1935, enda hafði hún a. m. k. á sumrinu 1940 komið fram með itrekuð tilmæli við stefnda þess efnis, að sumarleyfin yrðu látin vera 14 *virkir* dagar, en þeirri málaleitun var á engan hátt sinnt af stefnda. Stjórn Sóknar hlaut því að vera fyllilega ljóst þegar gengið var til samninga við stefnda í janúar 1941, hver afstaða hans var til oftnefnds ákvæðis, og að hann vildi ekki vera bundinn við þann skilning, er stjórn Sóknar lagði í sumarleyfisákvæðið. Og með því að ákvæðið um *virka* daga var ekki tekið upp í nýja samninginn frá 31. janúar 1941, verður ekki talið, að stjórn Sóknar hafi haft réttmæta ástæðu til þess að leggja þann skilning í sumarleyfisákvæði hans, sem hún hefur gert, og sem var andstæður framkvæmd og áður yfirlýstum vilja stefnda á sams konar ákvæði í samningnum frá 1935. Er því ekki hægt að leggja skilning stefnanda til grundvallar skýringu á oftnefndu samningsatriði, og ber því með tilvisun til þess, er nú hefur

verið rakið, og rökstuðnings stefnda um þetta atriði, að taka aðalkröfu hans um sýknu til greina.

Eftir atvikum þykir mega láta málskostnað falla niður.

Dví dæmist rétt vera:

Stefndur, Stjórnarnefnd rikisspítalanna, á að vera sýkn af kröfum Alþýðusambands Íslands f. h. starfsstúlknafélagsins Sóknar í máli þessu.

Málskostnaður falli niður.

Laugardaginn 18. apríl 1942.

Nr. 7/1941. **Vinnuveitendafélag Íslands f. h. Vinnuveitendafélags Ísfirðinga.**

gegn

Alþýðusambandi Íslands f. h. verklyðsfélagsins Baldurs á Ísafirði vegna bifreiðastjóradeildar þess.

Einhliða ákvörðun verklyðsfélags um að hækka akstursgjöld fyrir bifreiðar talin brot á kjarasamningi þess við vinnuveitendafélag. Endurgreiðslukröfu vinnuveitendafélagsins vísað frá dómi.

Dómur.

Mál þetta er höfðað hér fyrir dómi með stefnu, dags. 11. nóv. f. á., af Vinnuveitendafélagi Íslands f. h. Vinnuveitendafélags Ísfirðinga gegn Alþýðusambandi Íslands f. h. verklyðsfélagsins Baldurs á Ísafirði vegna bifreiðastjóradeildar þess. Er málið var þingfest var mætt í því af hálfu stefnda og fékk hann frest í því til vitnaleiðslu, er hann kvað þurfa að fara fram á Ísafirði. En er málið féll í rétt 24. f. m., var neitað um frekari frest af hálfu stefnanda og var stefnda þá úrskurðaður frestur til 27. s. m. til þess að leggja fram greinargerð, en þá var ekki mætt af hans hálfu og kom engin greinargerð frá honum í málinu. Er það því flutt skriflega og dæmt samkvæmt framkomnum skjölum og skilríkjum.